

## STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2024, mánudaginn 25. nóvember kl. 13:00 var haldinn 358. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson og Davíð Sigurðsson í fjarveru Guðveigar Eyglóardóttur. Einnig Sara Björg Sigurðardóttir að hluta.

Einnig tóku Sævar Freyr Práinsson, forstjóri og Snorri Hafsteinn Porkelsson þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

### **Petta gerðist:**

1. Forstjóri og stjórnarfólk gerðu grein fyrir samskiptum milli stjórnarfunda. Yfirlit forstjóra þar um, dags. 21.11.2024 lagt fram.
2. Fundargerð stjórnarfundar SF357 lögð fram. Fundargerðin samþykkt og verður send til rafrænnar undirritunar stjórnar.
3. Klukkan 13:10 mætti Snorri Hafstein Porkelsson, framkvæmdastjóri fjármála til fundarins ásamt Bryndísi Maríu Leifsdóttur, Grétu Guðnadóttur og Hrafnhildi Fanneirs dóttur úr reikingshaldi og gerðu grein fyrir 9 mánaða uppgjöri. Uppgjörið borið upp og samþykkt samhljóða.

Snorri gerði einnig grein fyrir 10 mánaða uppgjöri samstæðu Orkuveitunnar og dótturfélaga. Umræður.

Klukkan 13:53 mætti Skúli Helgason til fundarins og þá yfircas Sara Björk einnig fundinn.

Snorri lagði fram svohljóðandi tillögu um fjármögnunarheimild.

*Stjórn Orkuveitunnar (OR) veitir forstjóra og/eða framkvæmdastjóra fjármála heimild til fjármögnunar í formi skuldabréfaútgáfu, víxlauftgáfu eða bankaláns fyrir allt að markaðsvirði 36 ma.kr. á árinu 2024 og 34 ma.kr. á árinu 2025. Fjármögnunarheimildin er um 0,9 ma.kr. og 3,8 ma.kr. umfram fjármögnunarþörf samkvæmt samþykktri fjárhagsspá fyrir árin 2024 og 2025 á samstæðugrunni. Framangreindar heimildir ná einnig til undirritunar allra skjala sem heimildir ná yfir.*

Tillagan borin upp og samþykkt með atkvæðum Gylfa Magnússonar, Völu Valtýsdóttur, Þórðar Gunnarssonar og Skúla Helgasonar. Ragnhildur Alda Vilhjálmsdóttir situr hjá við atkvæðagreiðsluna.

Umboð til eignastýringar hjá Landsbankanum, sem samþykkt var milli funda, staðfest.

Áhaettuskýrsla, dags. 15. 11. 2024 og rekstraráhættuskýrsla lagðar fram.

4. Klukkan 14:00 mættu fulltrúar Innri endurskoðunar og ráðgjafar, þau Ingunn Ólafsdóttir og Stefán Viðar Grétarsson og gerðu grein fyrir úttekt á rekstrarsamfellu og aðfangaferli Orkuveitunnar.
5. Klukkan 14:30 mættu Einar Þórarinsson, framkvæmdastjóri Ljósleiðarans til fundarins ásamt fullrúum Arion banka, þeim Þórði Ólafi Þórðarsyni, Ragnar Benediktssyni og Jóni Friðrik Guðjónssyni. Gerðu þeir grein fyrir verðmati Ljósleiðarans. Umræður.

6. Klukkan 15:44 mættu Kristrún Lilja Júlíusdóttir, forstöðukona stafrænnar og stefnumiðaðrar umbreytingar og Elín Björk Böðvarsdóttir, leiðtogi stafrænnar vörupróunar og gerðu grein fyrir mælikvörðum í samstæmi við heildarstefnu og hvernig haldið er utan um þau í Asana verkefnisstjórnunarkerfinu. Umræður.

Klukkan 15:55 yfиргaf Vala Valtýsdóttir fundinn.

7. Klukkan 16:06 mætti Vigdís Eva Líndal, upplýsingaöryggisstjóri til fundarins og gerði ásamt Kristrúnu grein fyrir svohljóðandi tillögu að uppfærðri upplýsingaöryggisstefnu. Tillöggunni fylgir greinargerð:

*Orkuveitan leggur mikla áherslu á að hámarka öryggi upplýsinga, kerfislausna og verðmæta í eigu og umsjón fyrirtækisins. Stjórnun upplýsingaöryggis er lykilþáttur til að draga úr áhættum og koma í veg fyrir að atvik sem gætu valdið tjóni eða truflun á starfsemi Orkuveitunnar. Stefnan nær til allrar virðiskeðjunnar, þar á meðal samstarf við birgja og þjónustuaðila.*

*Orkuveitan lítur á örugga og gagnsæja meðhöndlun og varðveislu upplýsinga sem grunnþátt í að styðja við ákvarðanatöku og samfelldan rekstur fyrirtækisins.*

*Áherslur stefnunnar:*

- *Áhættustjórnun - Rekstraröryggi sé tryggt með því að því að viðhafa öfluga áhættustjórnun og innleiða viðeigandi öryggisráðstafanir.*
- *Vitund og þjálfun – Treysta og styrkja starfsfólk í hlutverkum sínum með því að leggja áherslu á reglubundna þjálfun og fræðslu í þessum málaflokk. Öflug vitund og ábyrgð er lykilatriði í öryggismenningu fyrirtækisins.*
- *Stjórnunarkerfi upplýsingaöryggis - Viðhalda stjórnunarkerfi upplýsingaöryggis í samræmi við ISO 27001-staðalinn. Allar lagalegar og samningsbundnar kröfur um upplýsingaöryggi séu uppfylltar og viðhafðar séu stöðugar umbætur á stjórnunarkerfi upplýsingaöryggis með reglulegri endurskoðun. Þannig tryggir Orkuveitan að gögn séu varin, trúnaður tryggður á viðeigandi hátt og upplýsingar séu áreiðanlegar.*
- *Viðbragðsáætlanir fyrir alvarleg atvik – Orkuveitan mun viðhalda öflugum viðbragðsáætlunum fyrir alvarleg atvik í upplýsingaöryggi og tryggja viðnámsþrótt við alvarlegum ógnum.*
- *Aðgengi og öryggi – Notendur hafi þann aðgang að upplýsingum og þeirri þjónustu sem þeir þurfa á hverjum tíma - Opið en öruggt*

Umræður. Stefnan samþykkt samhljóða.

8. Lögð fram svohljóðandi tillaga. Tillöggunni fylgir greinargerð:

*Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að leggja til við eigendafund að Grant Thornton endurskoðunarfyrirtæki verði kosið endurskoðunararfélag Orkuveitu Reykjavíkur árið 2024.*

Tillagan samþykkt samhljóða

Klukkan 16:30 var gert var stutt fundarhlé fyrir fund í stjórn OR-Eigna. Klukkan 16:40 hófst fundur að nýju.

9. Lögð fram minnisblöð um auðlindir, nýsköpun, sjálfbærni og umhverfi, dags. 21.11.2024, minnisblað um virkjun sjávarfalla og minnisblað um ölduverkefnið Waddle. Umræður.

10. Lagðar fram til upplýsingar, fundargerðir og minnisblöð framkvæmdastjóra dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur.

*Minnisblað framkvæmdastjóra Ljósleiðarans ehf. dags. 20. nóvember 2024.*

*Minnisblað framkvæmstjórnar Veitna ohf. dags. 21. nóvember 2024.*

*Fundargerð stjórnar Orku náttúrunnar ohf. dags. 20. nóvember 2024.*

*Minnisblað framkvæmdastjóra Orku náttúrunnar ohf. dags. 20. nóvember 2024.*

11. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli stjórnarfunda, dags. 25. nóvember 2024. Umræður.

12. Lögð fram að nýju tillaga Ragnhildar Öldu Maríu Vilhjálmsdóttur um að afléttu trúnaði af skýrslu innri endurskoðunar. Tillagan borin upp. Ragnhildur greiðir atkvæði með tillöggunni og óskar bókað:

*Pá er þetta í þriðja sinn sem tilteknir samstjórnarmenn undirritaðar hafna því að upplýsa eigendur um þær alvarlegu aðfinnslur sem er að finna í skýrslu Innri endurskoðunar. Minnisblaðið var unnið að beiðni þeirra stjórnarmanna er fyrst neituðu að birta skýrsluna sjálfa, eftir lestur minnisblaðsins ákváðu sömu stjórnarmenn að best væri að halda því líka huldu fyrir eigendum. Þessi vinnubrögð senda skýr skilaboð til fulltrúa eigenda og almennings.*

Gylfi Magnússon og Þórður Gunnarsson greiða atkvæði gegn tillöggunni. Skúli Helgason og Valgarður Lyngdal Jónsson sitja hjá. Skúli óskar bókað:

*Undirritaður er fylgjandi því að umrædd skýrsla verði birt en situr hjá í atkvæðagreiðslunni í þeirri góðu trú að skýrslan verði birt að lokinni hlutafjáraukningu Ljósleiðarans.*

13. Lagt fram minnisblað Rannsókna og nýsköpunar, dags. 21. nóvember 2024, sem svar við bókun Þórðar Gunnarssonar frá SF 357.

14. Önnur mál:

Skúli Helgason óskar bókað:

*Lagt er til að stjórn beini því til forstjóra að hann óski eftir því við framkvæmdastjóra ON/ON Power að greint verði hvaða áhrif það hefði á afkomu fyrirtækisins og þar með samstæðu Orkuveitunnar ef orka sem nú er bundin í samningum við Norðurál og aðra stórnottendur yrði öll seld á markaðsverði. Jafnframt verði rýnt hvernig væri eðlilegt að standa að útboði á þeirri orku sem losnar ef ekki yrðu framlengdir samningar við umrædda aðila. Þá verði í minnisblaðinu lagt mat á það að hve miklu leyti þeir aðilar sem hafa lýst sig áhugasama um að kaupa hluta af umræddri orku falla að áherslum félagsins um sjálfbærni og markmið stjórnvalda í loftslagsmálum. Þá verði upplýst um áhrif áformá viðkomandi aðila á atvinnusköpun og fjölda starfa. Lagt er til að hafinn verði undirbúningur vinnu við skilgreiningu matsþáttu/mælikvarða sem verði lagðir til grundvallar við mat á kauptilboðum þar sem byggt verði á markmiðum á borð við sjálfbærni, fylgni við loftslagsmarkmið og atvinnusköpun.*

Valgarður Lyngdal óskar bókað:

*Óskað er eftir uppfærðu nývirðismati á kostnaði við snjallmælavæðingu, sem og viðskiptaáætlun verkefnisins í heild, með yfirliti yfir áætlaðan kostnað og tekjur.*

*Er hækjun á gjaldskrám til viðskiptavina innbyggð í áætlunina?  
Óskað er eftir að upplýsingarnar verði veittar stjórn OR, hvort sem er í formi  
minnisblaðs eða kynningar.*

Fleira gerðist ekki.

**Fundi slitið kl. 17:00.**

**Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 25. nóvember 2024.**

Gylfi Magnússon,  
Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Sara Björg Sigurðardóttir, Ragnhildur Alda María  
Vilhjálmsdóttir,  
Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir.